

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 16, 7. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 12. ágúst 1987.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hveragerðis.

I. RAFORKA.

Rafveita Hveragerðis selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1.1 Til almennrar lýsingar.	
Orkugjald	6,38 kr/kWh
1.2 Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.	
Orkugjald	7,90 kr
1.3 Til úti- og götulýsingar samkvæmt uppsettu afli.	
Aflgjald	8 520,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	9 245,00 kr/kW/ár
Samtals	17 765,00 kr/kW/ár
1.4 Til sumarnotkunar eingöngu.	
Orkugjald	4,88 kr/kW/ár

2. Heimili o. fl.

2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.	
Orkugjald	5,79 kr/kWh

3. Vélar o. fl.

3.1 Til vélanotkunar.	
Orkugjald	6,37 kr/kWh
3.2 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafli 20 kW. Gjaldskytt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.	
Orkugjald	1,88 kr/kWh
Aflgjald	6 575,00 kr/kWh/ár

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag. Orkugjald	2,89 kr/kWh
4.2 Til húshitunar, roftími 2 × 2½ klst. á dag. Orkugjald	1,13 kr/kWh
4.3 Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag. Orkugjald	4,17 kr/kWh
4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hlið- stæðra nota, roftími 11 klst. að degi til. Orkugjald	1,30 kr/kWh

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta ársgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir einfasa	kr. 466,00
Orkumælir þrífasa	kr. 1 097,00
Orkumælir þrífasa með straumspennum	kr. 1 875,00
Aflmælir	kr. 1 785,00
Aflmælir með straumspennum	kr. 2 835,00
Klukkurofi	kr. 460,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGAGJALD.

Heimtauggjald fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Jarðstrengir kr/m	Loflína kr/stólpa
1 × 63	35 580,00	1 158,00	9 494,00
3 × 63	38 560,00	1 158,00	16 450,00
3 × 100	61 110,00	1 771,00	20 710,00
3 × 200	120 940,00	2 936,00	
3 × 315	191 400,00	3 417,00	
3 × 400	245 280,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	435 270,00		
3 × 1200	731 600,00		

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádrögnum hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnaði rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnaðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr, skal greitt sem hér segir:

1 × 63A kr. 7 855,00

3 × 63A kr. 10 634,00.

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald, samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppun kr. 1 000,00

Ef fassviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 61, 6. febrúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1987.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hveragerðis.

1. gr.

Hitaveita Hveragerðishrepps selur afnot af varmaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða gerð kunna að verða, eftir þeim reglum, sem settar eru í reglugerð Hitaveitu Hveragerðishrepps, nr. 175/1962 og gjaldskrá þessari.